



## Annáll vorannar 2021

### Tölulegar upplýsingar

Kennsla á vorönn 2021 hófst miðvikudaginn 6. janúar. Kennslu- og námsmatsdögum lauk þriðjudaginn 25. maí. Heildarfjöldi nemenda við skólann á vorönn var 482. Þar af voru 368 nemendur í dagskóla og 114 nemendur í kvöld- og helgarnámi. Í heildina var kynjaskipting þannig að 60,7% nemenda voru karlar og 39,3% konur. Í dagskólanum var kynjahlutfallið 58,7% karlar og 41,3% konur, í dreifnámi var kynjahlutfallið 67,5% karlar og 32,5% konur. Í dagskólanum voru flestir á opinni stúdentsbraut eða 113 nemendur. 52 nemendur voru á náttúrufræðibraut og 47 á félagsfræðibraut. 31 nemendur voru á sjúkraliðabraut í dreifnámi. Á iðnnámsbrautum voru 54 nemendur í rafvirkjun í dagskóla, í húsasmíði voru 22 nemendur í dagskóla og 63 í dreifnámi, í vélvirkjun voru 21 nemendur í dagskóla og 18 í dreifnámi.

### Skólastarf á vorönn 2021

Í upphafi annar var haldinn upplýsingarfundur fyrir nemendur og forráðamenn á Teams. Þar fóru stjórnendur fóru yfir skipulag skólastarfsins þessa fyrstu daga annarinnar og sátu fyrir svörum. Lítið var vitað um hvernig myndi ganga að halda úti staðnámi á önninni, enda stöðugar breytingar í farvatninu. Svo fór þó að fyrstu þrjá kennsludaga annarinnar fór bókleg kennsla fram í fjarnámi en verknám, fagbóklegt nám og starfsbraut mættu á staðinn. Þann 11. janúar mætti allur nemenda- og kennarahópurinn í hús og náðist að halda úti óslitnu staðnámi það sem eftir lifði annar, utan tvo daga, 25. og 26. mars, þegar smitum fjölgaði svo að snara þurfti öllum hópum í fjarnám fyrirvaralaust rétt fyrir páskaleyfi. Þrátt fyrir þetta er óhætt að segja að skólastarf hafi farið fram með nokkuð eðlilegum hætti á önninni og allir í FVA sýnt fumlaus viðbrögð þegar á þurfti að halda og tekið því sem að höndum bar af rósemi og yfirvegun.

Þann 11. mars fór fram lýðræðisfundur í FVA. Þar tóku bæði nemendur og starfsmenn þátt í stefnumótunavinnu. Meðal umræðuefna var hvað betur mætti fara í skólastarfinu, hvar við stöndum okkur vel og hvar tækifærin liggja. Niðurstöðurnar voru nýttar til að ljúka við nýja mannauðsstefnu FVA sem leit dagsins ljós í annarlök.

Þann 21. mars var skólaganga þar sem fríður flokkur gekk frá skólanum að Elínarhöfða og áfram um 5 km. hring. Þann 8. maí var svo boðið upp á hópferð á gosstöðvarnar í Geldingardölum.

Á önninni var boðið upp á heitan hafragraut í mótuneytinu alla morgna án endurgjalds, sem mæltist vel fyrir bæði hjá nemendum og starfsfólki. Í hádeginu á fimmtudögum var boðið upp á

núvitundarþjálfun með Steinunni Evu sálfræðikennara. Verið var á sínum stað með jafningjafræðslu í stærðfræði á miðvikudögum.

Vegna viðgerða í Grundaskóla fengu nemendur og kennarar 9. og 10 bekkjar nokkrar kennslustofur lánaðar um miðja önn og fengu að klára skólaárið sitt innan veggja FVA.

## NFFA

Störf nemendafélagsins NFFA lituðust mjög af þeim skorðum sem samkomutakmarkanir settu félagslífi nemenda. Lið FVA í Gettu betur, sem í ár var skipað þeim Krístrúnu Báru Guðjónsdóttur, Birni Viktori Viktorssyni og Karli Ívari Alfreðssyni, vann sér sæti í 16 liða úrslitum í Gettu betur. Þríeykið stóð sig afbragðs vel og í síðustu viðureigninni var hnífjafnt alveg fram á lokamínúturnar.

Femínistafélagið Bríet var endurvakið á önninni, stóð fyrir fjáröflunarbingói á Opnum dögum og náði að koma því í gegn að framvegis verða tíðavörur aðgengilegar á salernum skólans án endurgjalds.

NFFA hélt árs hátíð nemenda þann 11. mars. Fyrirvarinn var skammur og upphaflega átti að senda árs hátíðina út í streymi. Viku fyrir árs hátíð var fjöldatakmörkunum þó breytt og hægt að halda árs hátíð í skólanum. Ekkert ball var haldið en nemendur mættu prúðbúnir, snæddu hátíðarkvöldverð og voru ýmis skemmtiatriði í boði. T.d. fór fram söngkeppni FVA þar sem þau Helgi Rafn Bergþórsson og Sigríður Sól Þórarinsdóttir fóru með sigur af hólmi og verða fulltrúar skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna í ár. Á mettíma tókst Skutlunni (kvikmyndaklúbbnum) líka að gera árs hátíðarmyndband sem að venju var frumsýnt um kvöldið.

Þann 4. maí héldu útskriftarnemendur sitt lokahóf, dimmisjón. Fyrirvarinn var skammur vegna fjöldatakmarkana, en þetta hafðist þó. Prúðbúinn útskriftarhópurinn bauð starfsfólki til morgunverðar kl. 8, hóf ratleik dagsins og hélt svo af stað í blíðviðri suður til Reykjavíkur.

Aðalstjórn NFFA á vorönn 2020 var skipuð eftirtöldum nemendum: Gylfi Karlsson var forseti og með honum í stjórn voru þau Ísak Örn Elvarsson, ritari og varaforseti, Karl Ívar Alfreðsson gjaldkeri, Marey Edda Helgadóttir markaðsstjóri, Gunnar Davíð Einarsson skemmtanastjóri og Kimberly Tómasdóttir fulltrúi nýnema. Eftirtaldir nemendur voru í forsvari fyrir klúbba NFFA: Sigríður Sól Þórarinsdóttir og Sólbjört Lilja Hákonardóttir fyrir leiklistarklúbbinn Melló, Guðrún Karitas Guðmundsdóttir fyrir GEY (Góðgerðarfélagið Eyni), Ísak Örn Elvarsson fyrir Íþróttaklúbb, Kristján Steinn Matthíasson fyrir Tónlistarklúbb og Karl Ívar Alfreðsson fyrir Viskuklúbb.

Á aðalfundi NFFA þann 28. apríl var greint frá niðurstöðum stjórnarkjörs. Nýr forseti NFFA er Helgi Rafn Bergþórsson og með honum í stjórn eru Marey Edda Helgadóttir, Friðmey Ásgrímsdóttir, Salka Brynjarsdóttir og Andrea Kristín Ármannsdóttir. Fulltrúi nýnema verður kjörinn í ágúst. Nýrri stjórn er óskað til hamingju með kjörið og velfarnaðar í störfum sínum. Fráfarandi stjórn er þakkað kærlega fyrir vel unnin störf að félagsmálum á krefjandi tímum.

## Opnir dagar

Dagana 9. og 10. mars fóru Opnir dagar fram í FVA með hefðbundnum hætti. Nemendur settu saman dagskrá að eigin vali og var fjöldinn allur af frábærum viðburðum í boði, t.d. bingó, fótbolti, golf, rafsuða, tölvuteikning, núvitund, fjöltefli, matargerð, salsa, rennismíði, klifur, lyftingar, ratleikur, crossfit, K-Pop, sjósund og veggjalist, svo eitthvað sé nefnt. Fór þetta mjög vel fram og eins og ávallt voru Opnir dagar skemmtileg tilbreyting í skólalífinu.

## KOSS

Starfsmannafélagið KOSS reyndi að boða til ýmissa viðburða á önninni, en í hvert sinn sem boðað var til skemmtunar voru samkomutakmarkanir hertar og fresta þurfti viðburði. Því hlýtur tilviljun ein að hafa ráðið. Vonandi. Starfsmenn stunduðu útivist og hreyfingu af kappi, gengu á Þyrilsnes í febrúar og Akrafjall í apríl. Á starfsdegi í annarlok er árleg vorferð starfsfólk á dagskrá, en ætlað er að eyða deginum á Snæfellsnesi. Í sumar munu svo fræknir göngugarpar úr FVA dvelja á Hornströndum um hríð og safna kröftum fyrir næsta skólaár.

## Framkvæmdir

Reglubundnu viðhaldi var sinnt eins og vant er en húsnæðið er víða farið að láta á sjá. Áfram var unnið að endurbótum á aðstöðu nemenda á heimavist, salerni á nokkrum herbergjum voru endurnýjuð og á áætlun að halda því áfram í sumar. Í annarlok náðist samkomulag við Ríkiseignir um að hefja endurbætur á neðri hæð B-álmú.

Skipt var um glugga í húsnæði málmiðngreina og ljós í sal voru endurnýjuð. Unnið var að múrviðgerðum á húsnæði málmiðngreina á önninni og skipt um þak. Dróst verulega að ljúka verkinu en því átti að vera lokið í desember 2020. Enn er verkinu ólokið þegar þetta er ritað.

Hafin er vinna við að setja upp hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla við FVA en það er liður í umhverfisvernd og Grænum skrefum í ríkisrekstri. Heimtaugin er væntanleg og vonast er til að starfsfólk og nemendur geti hlaðið rafbíla á planinu í haust.

Nemendur í rafiðngreinum tóku þátt í því að leggja nýjar raflagnir í sal skólans í lok annar. Nú verður hægt að bjóða upp á meiri gæði ef senda þarf viðburði, svo sem brautskráningu, út í streymi.

## Nýr vefur fva.is

Nýr vefur FVA var tekinn í notkun í upphafi árs á sömu vefslóð og fyrr, fva.is. Vefurinn er sannkallað covid-verkefni, unninn innanhúss á haustönn með dyggri leiðsögn Tölvuþjónustunnar. Á nýja vefnum er miðlun efnis auðveldari, hann er léttur, aðgengilegur og skalanlegur í snjalltækjum.

## Kynningarmál

Nýtt kynningarmyndband var gert á önninni og annaðist Kristinn Gauti Gunnarsson, kvikmynda-tökumaður, gerð þess. Í myndbandinu eru ný viðtöl við nemendur og svipmyndir úr skólastarfinu. Kynningarteymi frá FVA heimsótti grunnskóla á Vesturlandi eins og hægt var og kynnti námsframboð skólans, félagslíf, stuðningsteymi og fleira fyrir nemendum 10. bekkja. Sökum aðstæðna fóru kynningar í sumum grunnskólum fram rafrænt í ár. Samfélagsmiðlar hafa verið nýttir vel á önninni til að miðla fréttum úr skólastarfinu og hægt er að fylgjast með bæði á Instagram og á Facebook.

## Jafnréttisáætlun

Í upphafi árs 2020 var samþykkt ný og metnaðarfull jafnréttisáætlun hjá Fjölbrotaskóla Vesturlands og gildir hún frá 5. febrúar 2020 til 5. febrúar 2023. Í lok vorannar 2021 var skýrsla um stöðu jafnréttisáætlunar vegna ársins 2020 skilað til Jafnréttisstofu og þar birtist staða aðgerða jafnréttisáætlunar gagnvart markmiðum og niðurstöður jafnréttisvísa miðað við 31.12.2020. Umsögn Jafnréttisstofu um skýrsluna var afar jákvæð og verður jafnréttisráði og stjórnendum skólans hvatning til áframhaldandi starfa svo raunverulegur árangur megi nást í jafnréttismálum í FVA.

## Heilsuefling

Starfsemi heilsueflingarteymis skólans var með allra öflugasta móti á önninni. Strax í janúar var blásið til afar metnaðarfulls hreyfiverkefnis sem bar heitið Göngum til góðs – til TENE. Verkefnið gekk út að ganga, hlaupa, hjóla eða synda vegalengd sem samsvarar loftlínunni frá Akranesi til Tenerife, eða 4000 km, á einum mánuði, frá 15. janúar til 15. febrúar, og safna áheitum í leiðinni. Alls tóku 182 FVA-liðar þátt, skráðu alla hreyfingu utandyra í Strava og fóru létt með verkefnið. Náðist að raka inn heilum 4400 kílómetrum á einum mánuði og Skógræktarfélag Akraness naut góðs af því sem safnaðist af áheitum.

Aftur var blásið til leiks í apríl og þá var verkefnið að komast heim frá TENE, 215 tóku þátt og komust heila 4003 km á tímabilinu 12. apríl til 12. maí.

FVA tók einnig þátt í Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna og stundaðar voru fjallgöngur og ýmislegt fleira sem hægt var að koma við. Vel gert heilsueflingarteymi FVA!

## Skruddan

Fréttabréfið Skruddan leggur metnað sinn í að koma út reglulega (á þriðjudögum) og birta þær upplýsingar og fréttir sem eru efst á baugi hverju sinni. Helstu upplýsingar eru þá á einum stað og miðlun með þessum hætti sparar marga tölvupósta. Allir geta gerst áskrifendur að Skruddunni og hún er einnig birt á fva.is.

## Náms- og starfsráðgjöf

Þetta skólaár fól í sér talsverða áskorun fyrir náms- og starfsráðgjöf FVA. Rafræn ráðgjöf var skiljanlega umfangsmikil og nýttu bæði ráðgjafar og nemendur sér tæknina þegar ekki var hægt að hittast augliti til auglitis. Helstu verkefni tengdust náms- og starfsferli nemenda ásamt þungum nemendamálum á önninni. Að vanda voru náms- og starfsráðgjafar á tánnum vegna líðanar nemenda á þessum krefjandi tímum, fylgdust vel með og veittu ráðgjöf og stuðning.

## Í annarlök

Nú er á enda þriðja önnin þar sem veiran hefur haft gríðarleg áhrif á allt skólastarf. Starfsfólk og nemendur FVA hafa staðið sig afbragðs vel og sýnt fádæma umburðalyndi, þrautseigju og aðlögunarhæfileika á þessum krefjandi tímum þar sem staðan var grafalvarleg um tíma. Nú eru betri tímar í auglýsingu, bólusetningar ganga vel og við sjáum fram á að skólastarf hefjist í haust með eðlilegum hætti án takmarkana, félagslífið lifni við og biðin og óvissan heyrir sögunni til.